



Reykjavík, 18. febrúar 2019

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um kynrænt sjálfræði

Intersex Ísland fagnar því að forsætisráuneytið leggi fram þetta metnaðarfulla frumvarp fram til Alþingis. Staða trans fólks mun stór bætast við þessa lagasetningu og hluti intersex fólks sem einnig skilgreinir sig sem trans mun einnig njóta góðs af breyttu lagaumhverfi. Meirihluti intersex fólks er hins vegar ekki trans og munu því þessar lagabreytingar engin áhrif hafa á líf of réttindi þeirra. Intersex Ísland lýsir því einnig yfir áhyggjum að ekki sé verið að uppfylla stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar sem tekur fram að þetta frumvarp muni uppfylla tilmæli Evrópuráðsins um réttindi intersex fólks.

Við teljum fagnaðarefni að réttur einstaklinga eldri en 16 ára til líkamlegrar friðhelgi verði lögfestur og að ekki megi lengur gera læknisfræðilegar meðferðir að skilyrði fyrir breytingu á kynskráningu. Við teljum þó mjög alvarlegt að réttur barna til líkamlegrar friðhelgi njóti ekki verndar undir þessu frumvarpi. Markmið þessa frumvarps er að standa vörð um rétt sérhvers einstaklings til þess að taka eigin ákvarðanir um hvað sé gert við kyneinkenni þeirra. Það orkar tvímælis að eingöngu sé tryggður réttur þeirra sem náð hafa 16 ára aldri en ekki barna. Flest brot á líkamlegri friðhelgi þegar kemur að kyneinkennum eiga sér stað þegar einstaklingarnir eru á barnsaldri og því er ljóst að nær öll brot á líkamlegri friðhelgi verða ennþá leyfileg ef þessi drög verða að veruleika.

Núverandi drög gera ekki ráð fyrir að inngríp á kyneinkennum barna verði skráð. Intersex Ísland sér engin haldbær rök fyrir því að fresta lögbundna skráningu á inngrípum í kyneinkennum barna. Engin tölfraði er til á Íslandi yfir umfang slíkra inngrípa og teljum við algjöra lágmarkskröfu að sá hluti tilmæla Evrópuráðsins verði uppfylltur með þessari löggjöf.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla

I. kafli: Markmið og skilgreiningar

1) Skilgreining á kynvitund (6. mgr. 2.gr.)

Í skilgreiningu á kynvitund er þágufallsending sem á ekki heima þar. Rétt skilgreining væri: „Kynvitund: Upplifun einstaklings af eigin kyni og skilgreining hans á því.“

II. kafli: Réttur einstaklings til að skilgreina sjálfur kyn sitt.

1) Líkamleg friðhelgi og sjálfræði, ekki sjálfstæði (3.gr., d-liður)

Í d-lið 3. greinar hefur orðasambandinu „líkamleg friðhelgi og sjálfræði“ verið breytt í „líkamleg friðhelgi og sjálfstæði“, frá því sem var í fyrri útgáfum. Þetta er í engu samræmi við heiti, inntak og markmið frumvarpsdraganna.



Intersex Ísland - félag Intersex fólks á Íslandi

Hverfisgata 102a
101 Reykjavík
Ísland
intersex@samtokin78.is

2) Takmörkun á heimild til að breyta skráningu kyns (7. gr.)

Takmörkun á heimild til að breyta skráningu kyns tekur ekki tillit til raunveruleika margra undir trans regnhlífinni. Kynvitund einstaklinga getur þróast með tímanum og gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því. Einstaklingar gætu líka þurft að breyta kynskráningu sinni af öryggisástæðum. Í mörgum löndum eru viðhorf til hinsegin fólks af allt öðrum toga en á Íslandi og öruggara getur verið fyrir einstakling að ferðast með skilríki sem samsvara fremur útliti en kynvitund manneskjunnar. Þessi takmörkun getur því heft ferðafrelsi einstaklings eða stefnt öryggi þeirra utan Ísland í hættu.

3) Lögfræðingur sérfræðinefndar skv. 9.gr.

Samkvæmt frumvarpsdrögum skal „lögfræðingur, tilnefndur af ráðherra sem fer með mannréttindamál,“ eiga sæti í sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningum barna. Intersex Ísland telur rétt að þessi lögfræðingur hafi sérþekkingu á réttindum barna, enda eru aðrir sérfræðingar nefndarinnar með málefni barna sem sérsvið.

III. kafli: Líkamleg friðhelgi og breytingar á kyneinkennum.

Intersex Ísland sér ekki hvernig hægt er að telja að núverandi drög uppfylli þingsályktun Evrópuráðsins þar sem börnum verður ekki tryggð vernd fyrir læknisfræðilegum inngrípum sem mæta ekki brýnni heilsufarslegri nauðsyn. Að tryggja eingöngu líkamlega friðhelgi fyrir einstaklinga eldri en 16 ára, en ekki börn, er skýr mismunun á grundvelli aldurs. Intersex Ísland gerir því skýlausa kröfu að bætt verði við ákvæði sem tryggir börnum sömu vernd.

Við styðjum heilshugar þá útfærslu sem var hluti af frumvarpsdrögum þegar þau voru afhent velferðarráðuneytinu veturinn 2017-18.

2) Skráningar á breytingum á kyneinkennum barna

Enga raunverulega tölfræði yfir varanlegar breytingar sem gerðar eru á kyneinkennum barna er að finna hérlendis. Algjört lágmarks skilyrði er að öll slík inngríp verði skráð svo hægt sé að sjá umfang slíkra inngrípa hérlendis. Intersex Ísland sér engin haldbær rök fyrir því að halda ekki slíka skrá líkt og er gert með umfang ýmissa annarra læknisfræðilegra inngrípa og meðferða hérlendis. Við leggjum því til að eftirfarandi grein verði bætt við í III. kafla:

„Læknar sem gera varanlegar breytingar á kynfærum, kynkirtlum eða öðrum kyneinkennum barna skulu halda skrá yfir þær og veita landlækni árlega upplýsingar um fjölda og eðli inngrípa og aldur þeirra sem þær undirgangast.“

3) Notkun orðsins „kynósamræmi“ í 12. og 13. gr.



Intersex Ísland - félag Intersex fólks á Íslandi

Hverfisgata 102a
101 Reykjavík
Ísland
intersex@samtokin78.is

Intersex Ísland sér ekki ástæðu fyrir því lögfesta greiningarheiti í íslenskri löggjöf. Slíkt var gert með lögum um réttarstöðu fólks með kynáttunarfanda, nr. 57/2012 og það fordæmi sýnir að slíkt er ekki ráðlagt. Slík lögfesting á greiningarheiti ýtir undir og styður við þá hugmynd að það að vera trans sé sjúkdómur en einnig þar sem greiningarheitið gæti tekið breytingum í framtíðinni. Ef frumvarp þetta verður að lögum er ljóst að lögin myndu sjálfkrafa verða úrelt ef greiningarheitið myndi breytast í framtíðinni.

- a. Í heitum teymanna sem skilgreind eru í 12.gr. og 13.gr. verði orðinu „kynami“ skipt út fyrir „kynvitund“, sem svo: „Teymi Landspítala um kynvitund og breytingar á kyneinkennum“, „Teymi barna- og unglingsgeðdeildar um kynvitund og ódæmigerð kyneinkenni“.
- b. Í 3.másl. 1.mgr. 13.gr. komi orðasambandið „sem upplifa ósamræmi milli kynvitundar sinnar og úthlutaðs kyns“ í stað „sem upplifa kynósamræmi“.
- c. Í skilgreiningum (2.gr.) verði skilgreiningin á kynósamræmi (nr. 4) fjarlægð, enda komi orðið „kynósamræmi“ þá hvergi fyrir í texta frumvarpsins sjálfs.

V. Ákvæði til bráðabirgða

1) Samsetning starfshóps

Við leggjum til eftirtaldar breytingar á samsetningu starfshóps um breytingar á kyneinkennum barna:

- a. Breytingar á kyneinkennum barna koma geðlækningum ekki við, því teljum við ónauðsynlegt að barnageðlæknir eigi sæti í hópnum.
- b. Við teljum að tveir lögfræðingar eigi að sitja í hópnum, einn með sérþekkingu á mannréttindamálum og annar með sérþekkingu á réttindamálum barna þar sem starfshópnum er falið að semja frumvarp til laga um breytingar á þessum lagafrumvarpi.
- c. Við teljum við að sjónarmið siðfræðinga ættu að hafa aukið vægi innan starfshópsins og leggjum til að þeir verði tveir frekar en einn.
- d. Við teljum að setja ætti starfshópnum tímatakmörk og leggjum til 6 mánuði.

Ef spurningar vakna um þessa umsögn má beina þeim til undirritaðrar

Kitty Anderson, formaður Intersex Íslands
(nafn í þjóðskrá, Kolbrún Kristínardóttir Anderson)